

Júlíus Magnússon

Kt.: [...]

Lögheimili: [...]

Akureyri, 29.04.2026

Tilv. 2026-01-06-0098

(áður 2025-03-14-0262)

Efni: Svipting veiðileyfis. Komist undan eftirliti með veiðum. Seigur III EA-41 (7680).

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot skipstjóra, og eftir atvikum útgerðar, fiskiskipsins Seigur III EA-41, skipaskrárnúmer 7680, gegn 3. mgr. 18. gr. laga um stjórn fiskveiðar nr. 116/2006 sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 þann 9. mars 2025. Lögskráður skipstjóri var Júlíus Magnússon, kt. [...], en hann var jafnframt eigandi og útgerðaraðili skipsins þegar málið var tekið til meðferðar. Þann 19. janúar 2026 var skipið selt til nýs eiganda, Arctic sea angling and hunting ehf., kt. 410323-1680, sem er í 100% eigu skipstjórans, Júlíusar Magnússonar.

I. Málsatvik

Í skýrslu veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, dags. 14. mars 2025, segir að þann 8. mars 2025, kl. 13:49, hafi veiðieftirlitsmaður haft samband símleiðis við skipstjóra fiskiskipsins Seigur III EA-41 (7680), Júlíus Magnússon, og boðað komu um borð í skipið í eftirlitsskyni næst þegar því yrði haldið til veiða. Hafi hann óskað upplýsinga frá skipstjóra hvort hann áætlaði að halda til veiða næstkomandi mánudag, 10. mars, en ef ekki hvenær svo yrði. Skipstjóri hafi tjáð eftirlitsmanni að hann hafi ætlað sér að fylgjast með veðurspá um kvöldið og taka svo ákvörðun hvenær hann héldi næst til veiða. Hafi eftirlitsmaður látið það skýrt í ljós í símtalinu að skipstjóra bæri að láta sig vita hvenær hann færi næst til veiða, þar sem veiðieftirlitsmaður færi með skipinu í næstu veiðiferð í eftirlitsskyni.

Sunnudaginn 9. mars 2025 hafi veiðieftirlitsmaður tekið eftir því að skipið hafi haldið til veiða án þess að skipstjóri hafi látið vita. Hófst veiðiferðin kl. 09:14 og lagði skipið að bryggju á Dalvík kl. 12:00. Af ferli skipsins að dæma hafi skipstjóri dregið veiðarfæri. Klukkan 12:23 þann 9. mars 2025, hafi eftirlitsmaður reynt að ná sambandi símleiðis við skipstjóra eftir að skipið var komið í land, en skipstjóri hafi ekki svarað. Klukkan 18:22 sama dag, hafi skipstjóri hringt til baka í veiðieftirlitsmann og hafi þá veiðieftirlitsmaður óskað eftir skýringum hvers vegna hann hafi haldið til veiða án þess að hafa látið eftirlitsmann vita þrátt fyrir skýr fyrirmæli um það. Eftirlitsmaður hafi gefið skýrt til kynna í símtali þann 8. mars að skipstjóri hafi ekki mátt halda til veiða án þess að tilkynna eftirlitsmanni um það með fyrirvara, svo eftirlitsmaður hefði tök á að halda til sjós með honum í því skyni að viðhafa eftirlit með veiðum skipsins. Hafi skipstjóri gefið þær skýringar að hann hafi ekki talið að eftirlitsmenn Fiskistofu væru að störfum um helgar. Jafnframt hafi skipstjóri tjáð eftirlitsmanni að hann hafi farið og dregið rauðmaganet en ekki grásleppunet. Að sögn skipstjóra hafi hann einungis dregið tvær trossur. Í símtalinu hafi eftirlitsmaður boðað komu sína næst þegar skipstjóri héldi til veiða. Í kjölfarið fór eftirlitsmaður með skipstjóra í næstu veiðiferð skipsins, þann 11. mars 2025, þar sem skipstjóri sýndi honum trossurnar sem hann dró í veiðiferð skipsins 9. mars 2025 (rauðmaganet).



Á grundvelli þess sem að framan hefur verið rakið er skipstjóri fiskiskipsins Seigur III EA-41 (7680) grunaður um að hafa brotið gegn 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006 og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997, með því að hafa haldið til veiða þann 9. mars 2025 án veiðieftirlitsmanns Fiskistofu, þrátt fyrir skýr fyrirmæli hans um að hann ætlaði með í næstu veiðiferð skipsins í eftirlitsskyni. Með framferði sínu er skipstjóri grunaður um að hafa komið sér hjá eftirliti með því að brjóta gegn skyldu sinni, samkvæmt lögum, til að veita eftirlitsmanni Fiskistofu aðstoð til þess að hann gæti sinnt eftirliti með veiðum skipsins.

II. Lagagrundvöllur

Í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006 segir að Fiskistofa annist eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu. Í 3. mgr. segir að eftirlitsmönnum sé heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997, en þar segir að veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu sé heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í 1. mgr. 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 segir enn fremur að Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara, þ.e. með framkvæmd fiskveiða og vigtun sjávarafila. Í 4. mgr. sama ákvæðis segir að heimildir Fiskistofu og eftirlitsmanna samkvæmt lögum nr. 116/2006 gilda um eftirlit samkvæmt lögum nr. 57/1996. Brot gegn lögum nr. 116/2006 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006. Brot gegn lögum nr. 79/1997 geta jafnframt varðað stjórnsluviðurlögum skv. 21. gr. Brot gegn ákvæðum laga nr. 116/2006 og nr. 79/1997 geta talist fullframin hvort sem það er með refsinsæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í lögumum lögfest hlutlæg refsíabýrgð lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu, dags. 11. apríl 2025, var málsaðili upplýstur um að málið hafi verið tekið til meðferðar og að til rannsóknar væri hvort skipstjóri fiskiskipsins Seigur III EA-41 (7680), hafi gerst brotlegur við 18. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 10. gr. laga nr. 79/1997, með því að hafa komið sér undan eftirliti Fiskistofu þann 9. mars 2025. Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þann 14. apríl 2025 bárust Fiskistofu athugasemdir málsaðila í tölvupósti. Þar kom fram að málsatvik væru „nokkuð rétt“ eins og þeim var lýst. Að sögn málsaðila hafi eftirlitsmaður haft samband við sig 8. mars 2025 kl. 13:49 og boðað komu sína næst þegar hann héldi til sjós að draga grásleppunet, sem málsaðili áætlaði að draga mánudaginn 10. mars ef veður leyfði. Að sögn málsaðila hélt hann til veiða sunnudaginn 9. mars og dró þar rauðmaganet sem hann átti í sjó og landaði þeim afla. Að sögn málsaðila hafi hann sennilega ekki heyrt í síma sínum þegar eftirlitsmaður Fiskistofu reyndi að ná á hann símleiðis þann 9. mars 2025 kl. 12:24. Þegar málsaðili hringdi tilbaka sama dag kl. 18:22 hafi eftirlitsmaður lýst vonbrigðum sínum á því að málsaðili hafi haldið til sjós þann 9. mars án þess að hafa látið eftirlitsmann vita. Málsaðili kvaðst hafa gefið þær skýringar að hann hefði talið að eftirlitsmaður hefði viljað skoða grásleppunet, en hann hafi í umrætt sinn dregið rauðmaganet, og að hann hefði jafnframt talið að eftirlitsmenn Fiskistofu væru ekki við eftirlit um helgar. Að sögn málsaðila hafi hann og umræddur eftirlitsmaður ákveðið í framhaldinu að eftirlitsmaðurinn héldi til sjós í eftirlitsskyni með málsaðila þann 11. mars 2025 sem og svo varð. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu eftirlitsmanns í þeirri veiðiferð.



IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Málið varðar hvort skipstjóri fiskiskipsins Seigur III EA-41 (7680), hafi brotið gegn 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006 og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997, með því að halda til veiða 9. mars 2025 án þess að gera eftirlitsmanni Fiskistofu viðvart. Ekkert hefur komið fram í málinu sem gefur tilefni til þess að draga í efa frásögn veiðieftirlitsmanns af málsatvikum. Enginn ágreiningur er um að eftirlitsmaður hafi 8. mars sama ár tilkynnt skipstjóra um komu sína í næstu veiðiferð, en ágreiningur er um hvort það átti einungis við um næstu grásleppuveiðiferð eða næstu veiðiferð óháð tegund veiða. Fiskistofa hafnar því að ætlun eftirlitsmanns um að hafa eftirlit með veiðum skipsins hafi verið bundið við grásleppuveiðar. Þvert á móti hafi veiðieftirlitsmaður boðað komu sína um borð í skipið í eftirlitsskyni næst þegar því yrði haldið til veiða. Fyrirhugað eftirlit var almenns eðlis, þ.e. eftirlit með veiðum á sjó óháð tegund veiða og því óháð því hvort skipstjóri myndi draga rauðmaga- eða grásleppunet. Áður en eftirlitsmaður boðaði eftirlit með skipinu, hafi skipstjóri í febrúar og mars 2025 haldið til veiða í sex skipti og þar af dregið rauðmaganet fjórum sinnum og grásleppunet í tvígang. Ljóst er að grásleppa getur komið í rauðmaganet og öfugt, og sést það m.a. af löndunargögnum í veiðiferðum skipsins. Útgerðarmynstur og aflsamsetning skipsins rennir ekki stoðum undir fullyrðingu málsaðila um að hann hafi talið eftirlitsmann einungis ætla viðhafa eftirlit í næstu grásleppuveiðiferð skipsins.

Í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006, segir að eftirlitsmönnum sé heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og skipstjórum sé skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997. Í síðarnefnda ákvæðinu segir að veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu sé heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og skipstjórum sé skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í því felst m.a. að upplýsa veiðieftirlitsmann um hvenær halda eigi skipi til veiða eftir að veiðieftirlitsmaður hefur tilkynnt að hann ætli að róa með í eftirlitsskyni. Fyrir liggur að skipstjóri Seigs III EA-41 (7680) hélt til veiða þann 9. mars 2025, án þess að láta veiðieftirlitsmann vita, þrátt fyrir að veiðieftirlitsmaður hafi tilkynnt skipstjóra deginum áður að hann ætlaði róa með skipinu í næstu veiðiferð í eftirlitsskyni. Að mati Fiskistofu gat skipstjóra Seigs III EA-41 (7680) ekki dulist að veiðieftirlitsmaður hygðist fara með skipinu í næstu veiðiferð í kjölfarið símtalsins þann 8. mars 2025. Á skipstjóra hvíldi sú skylda að upplýsa veiðieftirlitsmanninn um næstu veiðiferð í tíma. Það gerði skipstjóri hins vegar ekki og af þeim sökum braut skipstjóri gegn 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997 þegar hann hélt til veiða þann 9. mars 2025 án þess að gera veiðieftirlitsmanni viðvart og gefið honum færi á að viðhafa eftirlit með veiðum skipsins. Hvað varðar sjónarmið málsaðila, um að hann hafi talið eftirlitsmenn Fiskistofu ekki vinna um helgar, eru að mati Fiskistofu haldlaugar, enda er það ekki raunin.

Málsatvik eru að mati Fiskistofu ljós og enginn vafi um saknæma háttsemi skipstjóra Seigs III EA-41 (7680). Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, studdum þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu, s.s. skýrslu eftirlitsmanns og athugasemda málsaðila, er það niðurstaða Fiskistofu að skipstjóri fiskiskipsins Seigs III EA-41 (7680) hafi gerst sekur um fullframið brot gegn 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997, í veiðiferð skipsins þann 9. mars 2025.

Háttsemi skipstjóra fiskiskipsins Seigur III EA-41 (7680), braut gegn 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006 og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997, með því að hafa haldið til veiða þann 9. mars 2025 án veiðieftirlitsmanns Fiskistofu og þannig komist undan eftirliti Fiskistofu.



Fyrir brot á lögum nr. 116/2006 skal Fiskistofa veita áminningar eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni eftir því sem nánar er mælt er fyrir um í lögum nr. 57/1996. Fyrir brot á lögum nr. 79/1997 skal Fiskistofa svipta skip sérveiðileyfi skv. 7. gr. (grásleppuveiðar), hafi við nýtingu þeirra verið brotið gegn ákvæðum laganna. Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997 segir að Fiskistofa skuli svipta skip veiðileyfi ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim. Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 og 4. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997 segir að þrátt fyrir fyrirmæli ákvæðanna um sviptingu veiðileyfis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til hvernig verknaðinum sjálfum var háttað og aðstæðna að öðru leyti og hvort þær hafi aukið mjög á saknæmi brotsins.

Líta verður m.a. til markmiða laga nr. 116/2006 og laga nr. 79/1997 og markmiða eftirlits Fiskistofu með fiskveiðum við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Þeir aðilar sem stunda fiskveiðar í atvinnuskyni undirgangast opinbert eftirlit. Um er að ræða leyfisskylda atvinnustarfsemi og þeir sem hana stunda eru meðvitaðir um að veiðar þeirra lúti eftirliti Fiskistofu. Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu fylgjast með fiskveiðum og veiðarfærum í því skyni að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar og hafa eftirlit með því að þeim reglum sé fylgt sem um veiðarnar gilda. Það er grundvallarþáttur í eftirliti með veiðum á sjó að veiðieftirlitsmenn fái að fara með skipum í veiðiferðir til að sinna eftirlitsskyldum sínum. Veiðieftirlitsmenn verða þannig að reiða sig á samstarf við skipstjóra til þess að unnt sé að framkvæma eftirlitið og hvílir skýr skylda á skipstjórum samkvæmt lögum að aðstoða veiðieftirlitsmenn svo þeir geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum, þ.m.t. eftirlit á sjó. Ef skipstjórar vanrækja þessa skyldu torveldar það eða kemur í veg fyrir eftirlit á sjó líkt og raungerðist í máli þessu. Með framferði sínu kom skipstjóri í veg fyrir eftirlit Fiskistofu og ógnaði þar með þeim ríku almanna-hagsmunum sem eftirlitinu er ætlað að þjóna. Fiskistofa lítur brot sem þessi alvarlegum augum, þar sem skipstjórar koma sér undan eða tálma því að eftirlitsmenn gegni lögbundnum eftirlitsstörfum. Almennt séð getur slíkt framferði skipstjóra vakið upp grunsemdir um að framkvæmd fiskveiða sé ekki í samræmi við lög og reglur um borð í hlutaðeigandi fiskiskipi. Í máli þessu verður ekki talið að brotið hafi verið til þess fallið að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, en brotið er ekki þess eðlis.

Við mat á því hvort að um meðvitað gáleysis- eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til háttsemi skipstjóra og til þess að málsaðili ber ábyrgð á því að veiðar í hans þágu brjóti ekki í bága við þær reglur sem gilda um fiskveiðar á hverjum tíma. Málsaðili er útgerð sem stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og sérveiðar (grásleppuveiðar). Það er því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Það er niðurstaða Fiskistofu, við mat á gögnum málsins, að brot skipstjóra voru framin af beinum ásetningi eða hið minnsta lægsta stigi ásetnings. Að mati Fiskistofu hafi skipstjóri vitað eða mátt vita að eftirlitsmaður hygðist róa með honum í næstu veiðiferð eftir að hann tilkynnti skipstjóra um það þann 8. mars 2025. Hafi skipstjóri verið í efa um hvort vilji eftirlitsmanns hafi aðeins staðið til um að viðhafa eftirlit með grásleppuveiðum, hafi honum borið að ganga úr skugga um það, áður en hann hélt til veiða þann 9. mars 2025. Hefði skipstjóri réttilega látið eftirlitsmann Fiskistofu vita að hann hygðist halda til veiða og draga rauðmaganet þá hefði honum orðið ljóst að ætlun eftirlitsmanns væri sú að róa með, þrátt fyrir að hann væri ekki að fara draga grásleppunet. Í stað þess að kynna sér framangreindar staðreyndir, sem eflaust hefðu getað komið málsaðila illa, skeytti skipstjóri engu um það heldur hélt til veiða án eftirlitsmanns.



Við mat á alvarleika brotsins lítur Fiskistofa til þess að skipstjóri kom sér undan lögbundnu eftirliti og með framferði sínu hindrað störf veiðieftirlitsmanns. Í þessu ljósi lítur Fiskistofa til ámælisverðrar framgöngu skipstjóra og skeytingarleysi hans í garð opinbers eftirlits með fiskveiðum og þeirra ríku hagsmuna sem verknadurinn beindist að í umrætt sinn. Að framangreindu virtu er það mat Fiskistofu að brot skipstjóra gegn lögum nr. 79/1997 og lögum nr. 116/2006 teljist meiriháttar í skilningi 21. gr. laga nr. 79/1997 og 15. gr. laga nr. 57/1996, og af þeim sökum kemur áminning ekki til greina í máli þessu við ákvörðun viðurlaga.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár. Það er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð ásetningsbrot hafi verið að ræða, framin í trássi við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997 og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa þó að líta verði til þess að um fyrsta brot er að ræða og einangrað tilvik. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins, og á grundvelli alls þess sem að framan hefur verið rakið, með hliðsjón af meðalhöfsreglu stjórnsluréttar og sjónarmiða um hófstíllta og sanngjarna beitingu opinbers valds, þykja hæfileg viðurlög vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í eina viku, að teknu tilliti til tegund veiða. Með hliðsjón af útgerðarmynstri skipsins og sjónarmiðum um markmið refsinga (viðurlaga) og almennra- og sértækra varnaðaráhrifa þeirra, telur Fiskistofa rétt að réttaráhrif ákvörðunar um viðurlög taki mið af gildistöku næsta sérveiðileyfis skv. 7. gr. laga nr. 79/1997, bundið við skipið, sbr. 2. mgr. 21. gr. sömu laga.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Seigur III EA-41, skipaskrárnúmer 7680, leyfi til veiða í atvinnuskyni í eina viku (7) daga frá og með gildistöku næsta leyfis til grásleppuveiða bundið við skipið, skv. 1. sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 sbr. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brota skipstjóra gegn 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79/1997 og 3. mgr. 18. gr. laga nr. 116/2006. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu hennar skv. 5. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997 og 19. gr. laga nr. 57/1996.



Afrit: Eigandi og útgerð skipsins, Arctic sea angling and hunting ehf.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytisins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 6. mgr. 21. gr. laga nr. 79/1997 og 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atrn@atrn.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á vefsíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga nr. 36/1992.